

Fundur stjórnar Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, haldinn miðvikudaginn.
25. október, 2017, kl. 9.00, að Sigtúni 42, Reykjavík.

Mætt: Hildur Helga Gísladóttir, Jónas Guðmundsson, Erna Arnljótsdóttir, Árni Einarsson, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Guðrún Helga Bjarnadóttir og Ketill Magnússon, sem ritaði fundargerð.

Þetta var gert:

1. Vinnuhópur um lagarammann gerir grein fyrir störfum sínum

Ketill sagði frá að lítið hafi gerst frá síðasta fundi, enda er sérstök staða í stjórnmalunum. Samþykkt að vera tilbúin að hitta nýjan ráðherra þegar hann tekur við völdum til að kynna lagafrumvarpið. Rætt var um vandann sem tengist fjármögnun almannaheillasamtaka nú þegar tafir verða á úthlutun styrkja vegna stjórnálaástandins. Rætt um mikilvægi þess að fá umræðuna um almannaheillasamtök strax inn í kosningabaráttuna þó einungis séu tveir dagar til kosninga.

Ákveðið að stjórn sendi frá sér eftirfarandi áskorun til verðandi þingmanna strax í dag.:

Áskorun Almannaheilla

Stjórn Almannaheilla skorar á væntanlega alþingismenn að styðja betur við almannaheillasamtök í landinu.

Mikilvægt er að fyrirliggjandi frumvarp um fagmennsku og rekstrarumhverfi almannaheillasamtaka nái fram að ganga sem allra fyrst.

Bæta þarf framtíðarsýn og fyrirkomulag við fjármögnun og úthlutun styrkja til almannaheillasamtaka þannig að þau geti áfram sinnt mikilvægum viðfangsefnum í þágu samfélagsins

Samþykkt á stjórnarfundum Almannaheilla þann 25. október 2017.

Formanni falið að senda á stjórnmalaleiðtoga, aðildarfélög og fjölmiðla. Stjórnarmenn hvattir til að senda áfram á samfélagsmiðlum og á vefsíðum sinna félaga.

2. Vinnuhópur um fræðslu og fagmennsku gerir grein fyrir störfum sínum

Guðrún Helga sagði frá tillögum sem unnar voru á fundi hópsins nýlega. Hópurinn, Guðrún Helga, Ragnheiður Sigurðardóttir, Steinunn Hrafnadóttir og Þóra Þórarinsdóttir, er búinn að hittast einu sinni. Markmið vetrarins er eftirfarandi: Að tengja félög Almannaheilla betur saman (þjappa hópinn) og opna hugi almennings frekar fyrir málefnum þriðja geirans. Það verður gert m.a. með opnum fræðslu- og kynningarfundum og ekki síður með Fundi fólksins.

a. Farið yfir stöðu mála varðandi nýtt nám í HR: Stjórnendur í þriðja geiranum – frjáls félagasamtök og sjálfseignastofnanir. Námið hófst 17. október sl. og eru 17 skráðir í námið frá ýmsum félagasamtökum. Nokkur atriði sem nefndarmenn vilja nesta með er að: Skoða vel tengingar við þriðja geirann og reynslu hans (Steinunn). Einnig að fara yfir og endurmeta eftir þessa fyrstu önn námið í heild (Þóra). Ragnheiður er í náminu og féllst á að vera augu og eyru nefndarinar á staðanum með þessi tvö atriði m.a. í huga.

Stjórnin fagnar því að þetta er orðið að veruleika og hafði Ketill kíkt upp í HR og hitt nokkra og leist honum vel á.

- b. *Steinunn kom með tillögu að gestafyrirlesara í jan/feb. 2018 í samvinnu HÍ og Almannaheilla. Jenny Fox hún kemur frá háskóla í USA og er sérfræðingur í Non-profit félögum og fyrirtækjum með áherslu á stuðning við talsmenn og fatlaða. Rætt um að hafa opinn fyrirlestur í hádegi í HÍ. Bjóða aðilarfélögum sérstaklega sem og að bjóða uppá fund með fyrirlesara að honum loknum. Ekki er reiknað með kostnaði af þessu fyrir Almannaheill. Steinunn ber ábyrgð á þessum lið. Kannar þetta nánar og kynnir fyrir stjórn. Spennandi og þarft mál.*

- c. *Rætt um að senda út könnun til aðildarféлага Almannaheilla varðandi þarfir á fræðslu ásamt óskum þeirra þar um í jan. / feb. 2018. Ragnheiður ber ábyrgð á þessu og kynnir fyrir stjórn. Hún tók að sér að útbúa og senda út könnun sé stjórn sammála þessu.*

Stjórnin lýsti yfir ánægju sinni með þessa hugmynd og sú tillaga kom fram frá stjórnarmeðlimum um að notfæra sér þessa könnun og spyrja í leiðinni um almenna þekkingu á Almannaheillum, þannig að úr verði gæðakönnun í leiðinni. Mælt með að spurningar verði ekki fleiri en 4-5.

- d. *Rætt um heimsóknir og kynningu aðildarféлага Almannaheilla til hvers annars. Fundarmenn eru sammála um að þetta er mjög þarft og æskilegt að koma þessu á til innbyrðis kynningu og samstarf í huga milli félaga þriðja geirans. Guðrún Helga tók að sér ábyrgð á þessum lið og mun kalla eftir frekari umræðu og upplýsingum eftir því sem við á og kynnir fyrir stjórn.*

Stjórn fagnaði þessari hugmynd einnig og hvetja til þess að hefja þetta sem fyrst. Gott að kalla þetta almennan félagsfund, þar sem einhver af félögum 33, biði "heim" t.d. milli kl.11.30-13 og kynnti samtökin sín 10-15 mín og hefðum jafnvel eitthvert þema til að ræða í kjölfarið. Lagt til að svona hádegisfundir væru 1x í mánuði sept – maí, síðasta þriðjudag í mánuði eða þar um bil. Þeim sem yrði boðið eru t.d. formenn, stjórnir, félagsmenn, starfsfólk samtakanna. Gott að fá feedback frá öðrum t.d. eftir kynningu á félaginu. Guðrún Helga tók boltann og bíður "heim" að Fákafeni 9, þriðjudaginn 28.nóvember kl.11.30.

Dagskáin gæti litið svona út: 1. Kynning á starfseminni/samtökunum, 2. smá "snakk" í boði samlokur eða eitthvað ekki of íþyngjandi, 3. Samræður.

Umræðuefni fyrsta fundar: Lærum hvert af öðru.

Almannaheill gætu einnig komið sínu hugðarefni á framfæri, ef það á við.

3. Vinnuhópur um sýnileika og siðareglur gerir grein fyrir störfum sínum

Hópurinn hefur ekki náð að hittast, en mun gera grein fyrir sínum hugmyndum á næsta fundi.

4. Greining á framlagi þriðja geirans

Vinnuhópur sem mótaður var á síðasta fundi, og í eru Ketill, Jónas og Steinunn, um tilboð Deloitte hefur ekki náð að funda en gerir grein fyrir tillögum sínum á næsta fundi.

5. Önnur mál

- a) Jónas sagði frá heimsókn sinni til Jon Von Til í Ungverjalandi. Þar átti hann fundi við fólk í þriðja geiranum og kom inn í kennslu í háskóla þar í landi, sem reyndar er kominn í samstarf við HÍ. Jónas átti fund með Jon Von Til og ræddu þeir minnisblaðið sem sé síðarnefndi sendi Almannaheillum eftir heimsókn sína hingað í vor. Fundurinn lýsti ánægju sinni með að Jónas skuli halda þessum tengslum.
- b) Jónas sagði frá því að nú hafi Velferðaráðuneytið greitt síðustu greiðsluna fyrir Fund fólksins svo því verkefni er formlega lokið. Formaður sagði frá því að hann hefur óskað eftir fundi með ráðuneytinu um áframhaldandi styrk um Fund fólksins.
- c) Hildur Helga vakti athygli á þeim vanda sem félagasamtök eru í vegna þess að ekki fást lengur styrkir til reksturs almannaheillasamtaka heldur verða styrkirnir að vera eyrnamerkir ákveðnum verkefnum. Stundum er sérstakega tekið fram að styrkurinn megi ekki fara í húsaleigu eða laun. Stundum eru styrkir auglýstir þannig að verkefni verða að hafa ákveðið þemu, s.s. eins og stuðningur við innflytjendur. Þetta gerir mörgum rótgrónum félögum erfitt um vik með fjármögnun. Hildur vill umræðu um þetta. Fundarmenn tóku undir þörfina fyrir umræðu um þetta mál. Almannaheill gæti beitt sér fyrir umræðu um skilvirkni og árangursmælingu almannaheillasamtaka. Bent var á að mæling á framlagi almannaheillasamtaka mun hjálpa til í þessari umræðu.
- d) Guðlaug velti upp hvort ekki væri rétt að hvetja almannaheillasamtök til að setja sér umhverfisstefnu og taka þátt í verkefninu að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Bent var á að í síðareglum Almannaheilla er kveðið á um að „Aðilar að Almannaheillum hafa umhverfissjónarmið ávallt að leiðarljósi í rekstri sínum og sýna með því gott fordæmi í umgengni við náttúru og samfélag.“ Rætt um hvort þetta sé efni í mögulegan morgunfund á vegum Almannaheilla. Sýnileikahópurinn tekur áfram.
- e) Formaður sagði frá að hann hefur verið í samskiptum við alþjóðlegt félag sem nefnist TechSoup, sem hefur það hlutverk að auðvelda félagasamtökum að nota upplýsingatækni á niðurgreiddu verði. Techsoup flokkar félagasamtök fyrir tæknifyrirtæki eins og Google og fleiri og staðfestir að um raunveruleg félagasamtök sé að ræða svo Google geti veitt félagasamtökunum aðgang að afsláttakjörum sínum. Kannað verður hvort Almannaheill geti verið mögulegur tengiliður Techsoup á Íslandi og staðfest hvort félag er t.d. aðili að Almannaheillum og þar með almannaheillafélag sem Google gæti styrkt með þessum hætti. Formaður mun upplýsa um samræðurnar og leggja fyrir stjórn áður en ákvarðanir verða teknar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.40.

Ketill Berg Magnússon